



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag kl. 16:00.

Markmið verðlaunanna er að heiðra námsmenn sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Sex verkefni eru tilnefnd til verðlaunanna í ár:

1. *Áhættureiknir fyrir hjarta- og kransæðasjúkdóma hjá öldruðum* sem unnið er af Vilhjálmi Steingrímssyni.
2. *Bætt nýtni í íslenskri grænmetisrækt* sem unnið er af Darra Eyþórssyni og Einari Margeiri Kristinssyni.
3. *Eyðibýli á Íslandi: Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Austur-Skaftafellssýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu sumarið 2011* sem unnið er af Arnþóri Tryggvasyni, Árna Gíslasyni, Birki Ingibjartssyni, Steinunni Eik Egilsdóttur og Yngva Karli Sigurjónssyni.
4. *Greining prentgripa fyrir safneignir, bókakápur og veggspjöld* sem unnið er af Örnú Rún Gústafsdóttur.
5. *Jarðsegulsviðshermir: hönnun, smíði og prófanir* sem unnið er af Andrésí Gunnarssyni.
6. *Þróun aðferða við mat og viðgerðir á landi eftir akstur utan vega* sem unnið er af Önnu Sigríði Valdimarsdóttur.

Við athöfnina munu forseti Íslands, formaður stjórnar Nýsköpunarsjóðs námsmanna og formaður dómnefndar flytja ávörp.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er boðið að vera viðstaddir athöfnina. Að lokinni verðlaunaafhendingu verður sköpuð aðstaða á Bessastöðum til að fréttamenn geti rætt við verðlaunahafa.

14. febrúar 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (s. 540-4400),
Örnólfur Thorsson forsetaritari (s. 896-3028) og Hulda Proppé (821 4332).